

Nr. 122

2. febrúar 2016

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 237/2014 um tæknikröfur og  
stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara.**

1. gr.

*Innleiðing.*

Við 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi tölvuliður:

8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1329 frá 31. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfrækslu flugrekenda í Sambandinu á loftförum sem eru skráð í þriðja landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226 frá 25. september 2015. Reglugerðin er birt á bls. 1794 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 63 frá 15. október 2015.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Ákvæði d-liðar ORO.AOC.110, sem sett eru fram í ii. lið b-liðar 2. liðar í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1329, koma til framkvæmda 25. ágúst 2017.

*Innanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2016.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

---

*Björn Freyr Björnsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2016